

Stjórnarfundur í Geðhjálp 04.10.18

Mættir: Hrannar, Anna, Sveinn Rúnar, Þórður, Halldóra, Garðar Sölvi, Védís, Einar Þór, Einar, Kári, Bergþór og Sylviane.

1. Yfirferð fundargerðar, undirskriftir (HP).

Fundargerð lesin og samþykkt.

2. Alþjóðageðheilbrigðisdagurinn (HJ, GSH).

HJ sagði frá því að Styrktarfélag Alþjóðageðheilbrigðisdagsins hefði ákveðið að efna ekki til dagskrár vegna dagsins í ár. Hins vegar myndu nokkur félög efna til dagskrár sitt í hverju lagi í tilefni dagsins.

3. ACE fræðsluáttak og málþing 10. október (HJ, AGÓ).

HJ og AGÓ sögðu frá málþingi Geðhjálpar undir yfirskriftinni *Dulin áhrif erfiðrar reynslu í æsku á heilsufar á fullorðinsárum* í tilefni af Alþjóðageðheilbrigðisdeginum 10. okt. HJ mun fjalla um fræðsluáttak Geðhjálpar um afleiðingar erfiðrar reynslu í æsku á heilsu á fullorðinsárum á málþinginu. Geðhjálp gefur út bækling og plagat til dreifingar á heilsugæslustöðvum og fleiri stofnunum í tengslum við átakið. Heiðursgestur á málþinginu verður Mark Bellis stefnumótunarsérfræðingur hjá WHO.

4. Sannleiks- og sáttanefnd Geðhjálpar (HJ).

HJ sagði frá hugmynd sinni um sannleiks- og sáttanefnd. Notendur geðheilbrigðisþjónustunnar gætu tjáð sig um erfiða reynslu sína innan kerfisins við nefndina í því skyni að bæta líðan sína og/eða leita sátta. Þónokkrar umræður spunnumst um hugmyndina meðal stjórnarmanna. HJ ætlar að móta hugmyndina frekar.

5. Alþjóðaráðstefna Geðhjálpar (HJ).

HJ, EB og SL sögðu frá hugmyndavinnu sinni um geðveika menningarhátíð Geðhjálpar í byrjun maí. Hugmyndin er að bjóða upp á fyrirlestra, tónleika og aðra listsköpun fyrir notendur geðheilbrigðisþjónustunnar og almenning yfir eina helgi. Hugsanlega verður hátíðin tengd *Emerging Proud* deginum 10. og 12. maí. Stjórnarmenn voru jákvæðir gagnvart hugmyndinni og nokkrir þeirra ákváðu að slást í hóp með þremmenningunum í áframhaldandi hugmyndavinnu.

6. Stefnumótunarfundur, framhald (HJ).

Lagður var fram afrakstur vinnu stjórnar og starfsmanna á stefnumótunarfundi í september. HP vakti athygi á því að þar vantaði áherslu félagsins varðandi breytingu á

menningu. Að öðru leyti voru stjórnarmenn sammála um að plaggið hefði að geyma helstu áherslur í starfsemi félagsins á næstunni. Ákveðið var að leggja áherslu á endurskoðun lögræðislaganna, m.a. með hliðsjón af baráttunni gegn nauðung og þvingun í þjónustu.

7. Bjarg (AGÓ).

AGÓ sagði frá því að Hjálpræðisherinn hefði tilkynnt að hann ætlaði að hætta starfsemi Bjargs um áramót. Seltjarnarnesbær neitaði að taka við rekstrinum þó að allir sjö íbúarnir væru með lögheimili á Seltjarnarnesi. Réttindi eins og fjárhagsleg réttindi og aðgengi að þjónustu væru brotin á íbúunum. AGÓ ætlar að fylgjast með því hvað kemur út úr fundi fulltrúa velferðarráðuneytisins og hersins um hugsanlega framlengingu samnings við herinn um reksturinn. Stjórnarmenn voru sammála um nauðsyn þess að íbúar Bjargs yrðu upplýstir um stöðuna.

8. Tímasetning stjórnarfundar (AGÓ).

Fyrirliggjandi drög að tímasetningum voru samþykkt.

9. Umsögn um lögfestingu Samings Sameinuðu þjóðanna um fatlað fólk (AGÓ).

AGÓ skrifar drög að umsögn og ber undir stjórn áður en frestur til að skila inn umsögn rennur út miðvikdaginn 10. október.

10. Hálfársuppgjör (HJ, AGÓ).

Frestað.

11. Námskeið á vegum studningsnet.is (HJ, AGÓ).

Frestað.

12. Önnur mál.

SRH stakk upp á því að Geðhjálp veitti geðhjálparsamtökum á Gaza fjárstyrk.

SL velti því upp hvort að menningarhátíðin gæti verið hluti af afmælisdagskrá Geðhjálp á næsta ári.

Fundi slitið kl.19.00